**19.fundur** 15. október 2020

0912049SA BÓH
Málalykill: 16.34

**Fundargerð fundar samstarfsnefndar**
**Sambands íslenskra sveitarfélaga**
**og**
**Kennarasambands Íslands**
**Félags stjórnenda leikskóla**

20. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennara-sambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla var haldinn fimmtudaginn 15. október 2020. Fundurinn var fjarfundur og hófst kl. 13:00.

Fundinn sat af hálfu FSL, Sigurður Sigurjónsson.

Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Harpa Ólafsdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem jafnframt ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

1. **Breytingar á samþykktum Vísindasjóðs FL og FSL.**
   Í samræmi við niðurstöðu 204. fundar stjórnar Vísindasjóðs og umræðu á samráðsfundi stjórnar með samningsaðilum þann 14. október s.l. leggur sjóðstjórn til við samningsaðila að styrkur vegna hópferða innanlands verði hækkaður frá og með 1. október 2020 úr kr. 40.000 í kr. 80.000 og einstaklingsstyrkur verði hækkaður í kr. 350.000 á hverju tveggja ára tímabili.

   **Niðurstaða:**

   Samningsaðilar eru sammála um að styrkir vegna hópferða innanlands verði hækkaðir í kr. 80.000 og einstaklingsstyrkir í kr. 350.000 á hverju 24 mánaða tímabili sbr. samþykktir sjóðsins. Breytingin taki gildi vegna starfsþróunar og hópferða sem farnar eru innanlands frá og með 1. október 2020.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 13:15.